

Nd.

585. Frumvarp til laga

[49. mál]

um vinnumiðlun.

(Eftir 2. umr. í Nd., 18. mars.)

Samhljóða þskj. 49 með þessum breytingum:

3. gr. hljóðar svo:

Félagsmálaráðherra skipar Vinnumálaskrifstofunni ráðgjafarnefnd til fjögurra ára í senn eftir tilnefningu eftirtalinna aðila:

Alþýðusambands Íslands,
Vinnuveitendasambands Íslands,
Vinnumálasambands samvinnufélaganna,
Sambands íslenskra sveitarfélaga,
Atvinnuleysistryggingasjóðs og
Bandalags starfsmanna ríkis og bæja.

Félagsmálaráðherra skipar einn fulltrúa í nefndina án tilnefningar og skal hann vera formaður ráðgjafarnefndarinnar.

Varamenn skulu tilnefndir og skipaðir á sama hátt.

6. gr. hljóðar svo:

Hverju sveitarfélagi með 500 íbúa eða fleiri er skylt að annast vinnumiðlun samkvæmt lögum þessum og reglugerð settri samkvæmt þeim en öll sveitarfélög skulu hafa atvinnuleysisskráningu með höndum.

Sveitarfélög með færri en 1000 íbúa geta falið oddvita sínum eða sveitarstjóra að annast vinnumiðlun og atvinnuleysisskráningu, sbr. þó 9. gr. þessara laga.